

## ✉ Esjufjöll - umsókn um ferðir

Búið til	13.5.2020 15:45:59
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	13.5.2020 15:45:58
Tilheyrir	📁 202005-0023 - Umsókn um atvinnutengda starfsemi innan Vatnajökulþjóðgarðs

## Efni

Esjufjöll - umsókn um ferðir
------------------------------

## Upplýsingar

Sent	13.5.2020 15:45:58	Vinnsla	Staða	Imported
Eigandi			Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt			
Lykilorð				

## Pátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	ingibjorg.smaradottir@vjp.is

## Innihald

Tilvísun í málsnr. 202005-0023 (SH, TB)

Vísað er til bréfs frá Vatnajökulsþjóðgarði, dags. 11. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Óskars Arasonar, Ice Guide, um leyfi til að vera með ferðir inn í Esjufjöll, alls 16 manns/farþegar auk tveggja leiðsögumanna. Farnar verða tvær ferðir. Gert er ráð fyrir að gista í skála Jökларannsóknarfélagssins, tvær nætur hvort sinn. Um er að ræða gönguferð eftir Breiðármerkurjökli í Esjufjöll.

Eins og kemur fram í erindinu eru Esjufjöll í verndarflokki 1A. Í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð er kafli um jökulsker á bls. 69. Þar er m.a. fjallað um tilurð og sérstöðu jökulskerja, þar undir vísindalegt gildi þeirra vegna rannsókna, og hve viðkvæm þau eru fyrir röskun og ágangi. Jökulsker eru viðkvæm og því ekki heppilegur áningastaður ferðamanna. Skerin eru ekki fjölsótt vegna erfiðleika við að komast þangað.

Um Esjufjöll segir í stjórnunar- og verndaráætlun: „Afmörkun Esjufjalla kemur fram í reglugerð. Markmið: Jökulsker verði fyrst og fremst vettvangur rannsókna á framvindu lífríkis án áhrifa mannsins. Skilmálar: Allt jarðrask og aðrar breytingar á landi eru óheimilar. Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf, skerða eða skemma gróður, breyta gróðurfari t.d. með sáningum eða plöntun eða spilla vatni. Umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð á jökulskerjum en heimil á jöklinum umhverfis. Fólki er heimil för um jökulsker nema annað sé tekið fram en skylt að ganga þannig um að hvergi sé spilt lífi né landi..... Gisting er almennt óheimil á jökulskerjum en heimil á jöklinum umhverfis. Í Esjufjöllum er gert ráð fyrir einum skála í Skálaljörgum, undir Lyngbrekkutindi, fyrir vísindastarfsemi Jökларannsóknarfélagssins en engum öðrum mannvirkjum. Jökларannsóknarfélaginu er heimilt að leigja ferðafólki gistirými í skálanum. Tjöldun í Esjufjöllum er heimil á gróðurlausu landi í næsta nágrenni við skála Jökларannsóknarfélagssins nema þjóðgarðsvörður tilgreini í auglýsingu annað svæði með hnitsetningu. Ferðafólk afli upplýsinga um svæðið hjá þjóðgarðsverði suðursvæðis og hlífi gróðri. Stjórn þjóðgarðssins er heimilt að takmarka umferð um

tiltekin jökulsker vegna vísindarannsókna.“ Einnig kemur fram um öll jökulsker að: „Fólki er heimil för um jökulsker nema annað sé tekið fram (t.d. að það sé í verndarflokki IA) en skyld að ganga þannig um að hvergi sé spilt lífi né landi.

Gisting er almennt óheimil á jökulskerjum en heimil á jöklinum umhverfis.“

**Náttúrufræðistofnun er almennt sammála þeim takmörkunum sem koma fram hér að framan. Af framangreindu má einnig vera ljóst að fólki er heimil för um jökulsker, með vissum skilyrðum, nema annað sé tekið fram s.s. ef svæði er í verndarflokki 1A. Esjufjöll eru í flokki 1A og þá er spurningin hvort yfirleitt eigi að heimila skipulagðar „túristaferðir“ í þau. Um flokk 1A segir á heimasíðu IUCN: „Protected areas that are strictly set aside to protect biodiversity and also possibly geological/geomorphological features, where human visitation, use and impacts are strictly controlled and limited to ensure protection of the conservation values. Such protected areas can serve as indispensable reference areas for scientific research and monitoring.“**

Að mati Náttúrufræðistofnunar er því fyrsta skrefið að ákveða hvort yfirleitt eigi að heimila för skipulegra ferðahópa (atvinnustarfsemi) um svæðið og ef það er leyft að ákveða strax hámark leyfilegra ferða, leyfilegs fjölda ferðamanna í hverri ferð og hvaða skilyrði skuli setja. Augljóst er að setja þarf skilyrði um hvar er heimilt að fara um á viðkomandi/Esjufjöll svæði en afar mikilvægt er að ganga varlega um gróðurlendin í Esjufjöllum. Sérstaklega er hætt við að þau verði fyrir skaða ef stórir hópar ganga um þau. Það þarf því einnig að liggja fyrir t.d. í þessu tilfalli að skoðunarferðir í Skálabjörgum séu skipulagðar með þeim hætti að sem minnstur skaði hljóti af og leiðir valdar m.t.t. þess. Einnig er mikilvægt að ekki sé hróflað við föstum rannsóknarreitum í Skálabjörgum sem hafa verið til staðar síðan 2006 og því er mikilvægt að Vatnajökulsþjóðgarður (og leiðsögumenn eftir atvikum) hafi samband við umsjónarmenn þeirrar rannsóknar sem eru Starri Heiðmarsson (líklega heppilegast að hafa samband við Ní/Starra þar sem hann er starfsmaður Náttúrufræðistofnunar Íslands sem hefur ákveðnar lögbundnar skyldur er varða friðlýst svæði) og Bjarni Diðrik Sigurðsson til að fá upplýsingar um nákvæma staðsetningu reitanna.

Hvað fjölda þátttakenda varðar þá telur Náttúrufræðistofnun 18 manna hóp nokkuð stóran og viðbúið að rask af völdum slíks hóps verði hlutfallslega mun meira en af smærri hóp. Einnig er vert að benda á að skálinn í Skálabjörgum er ekki talinn hýsa nema 12 í mesta lagi og þá með því að tvímennt sé í fletum. Ekki kemur fram hvort umsækjandi hefur leyfi til að nýta skálann. Náttúrufræðistofnun er kunnugt um að sótt hefur verið um stækkun á skálanum m.a. til að koma fyrir þurrsalerni.

Það er ljóst að með skipulögðum ferðum í Esjufjöll eða önnur jökulsker þá mun álag á svæðin aukast. Samkvæmt upplýsingum frá þeim sem hafa heimsótt skerin undanfarin 15 ár þá er mikil aukning á mengun og óþrifum á Skálamel við Esjufjöll.

Það er alls ekki nóg að heimila ferðir ef ekki er strangt eftirlit með því að staðið sé við fögur fyrirheit og farið eftir skilyrðum s.s. um að allt rusl sér fjarlæggt og hvergi farið um þar sem það er ekki heimilt t.d. þar sem eru rannsóknarreitir eða viðkvæmur gróður. Ef komið er upp þurrsalerni þarf að tryggja að allur úrgangur sé fjarlægður. Líklega er þurrsalerni skárri en að stórir hópar gangi örna sinna úti í náttúrunni, sérstaklega á svona stað þar sem slík áburðargjöf getur haft bein áhrif á gróðurframvindu og hennar því alls ekki óskað og enn síður pappírmengun/blautklútamengun.

Þar sem um er að ræða svæði í verndarflokki 1A getur Náttúrufræðistofnun ekki mælt með því að ferðir stærri hópa í atvinnuskyni verði heimilar á jökulsker. Ef ákveðið er að heimila slíkar ferðir er hugsanlegt að það valdi ekki skaða ef settar eru strangar reglur um umferð um viðkomandi svæði/Esjufjöll og hvað sé heimilt þar og hvað ekki. Auk þess þarf stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs strax að ákveða hámark leyfilegra ferða í atvinnuskyni, t.d. að hámarki 1-2 ferðir á ári, með tilteknum fjölda ferðamanna. Sem fordæmi hvað þetta varðar má benda á Surtsey.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til að aðstoða frekar við þetta mál, sbr. m.a. rannsóknir á vegum stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is) (mailto:trausti@ni.is)



## Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)